STARFSGREINARÁÐ SAMGÖNGU-, FARARTÆKJA – OG FLUTNINGSGREINA

Skýrsla um starfsemi ráðsins

starfsárið 2014

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit 2
Inngangur 3
Störf ráðsins 4
- Almennt um ráðið 4
- Upplýsingar um störf ráðsins 4
- Nám í flutningafræðum 4
- Meiraprófið 4
- Erindi til ráðsins 4
- Nemaleyfisnefndir og sveinsprófsnefndir 5
- Starfslýsingar 5
- Breyting á námi í bifreiðasmíði 5
- Nám í bílamálun og bifreiðasmíði á Akureyri 5
- Hvítbók 5
- Önnur mál 6
- Helstu samstarfsaðilar og samstarf við þá 6
- Mat á stöðu starfsmenntunar í málaflokknum 6

Ársreikningur 7
Lokaorð frá formanni 8

Inngangur

Nýtt starfsgreinaráð samgöngu-, farartækja- og flutningsgreina var skipað í janúar 2010. Óskað var eftir því í byrjun árs 2014 að ráðið sæti eitt ár í viðbót miðað við upphaflegan skipunartíma og starfaði ráðið því í 5 ár. Í lok árs 2014 sitja eftirfarandi í ráðinu:

Aðalmenn	Skipunaraðili
Hilmar Harðarson	Alþýðusamband Íslands
Þórarinn Sverrisson	Alþýðusamband Íslands
Helgi Ólafsson	Alþýðusamband Íslands
Lísbet Einarsdóttir	Samtök atvinnulífsins
Gunnar Valur Sveinsson	Samtök atvinnulífsins
Özur Lárusson	Bílgreinasambandið
Ingibergur Elíasson	Kennarasamband Íslands

Varamenn	Skipunaraðili
Gunnlaugur Jónsson	Alþýðusamband Íslands
Árni Steinar Stefánsson	Alþýðusamband Íslands
Arnþór Örlygsson	Alþýðusamband Íslands
Rúnar Garðarsson	Samtök atvinnulífsins
Guðmundur Ingi Skúlason	Bílgreinasambandið
Jón B. Stefánsson	Félag íslenskra framhaldsskóla

Hilmar Harðarson er áfram formaður ráðsins. Starfsmaður ráðsins er eins og áður Edda Jóhannesdóttir frá IÐUNNI fræðslusetri og er ráðið hýst þar. Auður Þórhallsdóttir hætti störfum í ráðinu á haustmánuðum 2014 og Lísbet Einarsdóttir sem var áður varamaður Auðar kom í hennar stað. Helgi Ólafsson kom inn sem nýr aðalmaður í stað Sveins Ingasonar.

Aðalmenn eru boðaðir á fundi í ráðinu og ef um forföll er að ræða boða þeir sjálfir varamenn fyrir sig. Einnig geta aðalmenn boðað varamenn með sér ef erindi fundarins gefur tilefni til. Fundaritari er starfsmaður ráðsins og sendir fundargerð til aðal- og varamanna að loknum fundi. Jafnframt er fundargerð send Ólafi Grétari Kristjánssyni í mennta- og menningarmálaráðuneytinu en hann er tengiliður ráðsins þar.

Störf ráðsins

Almennt um ráðið

Á árinu 2014 voru haldnir 8 fundir. Fundartímar voru ákveðnir allt starfsárið fram í tímann og sendir aðalmönnum í fundarboði. Góð mæting var á alla fundi ráðsins á starfsárinu.

Upplýsingar um störf ráðsins

Á fundum ársins 2014 var farið yfir ýmis málefni sem tengjast ráðinu og verður hér getið um þau helstu.

Nám í flutningafræðum

Á starfsárinu var haldið áfram með vinnu við uppsetningu á námsbraut fyrir flutningagreinar. Fulltrúar frá Tækniskólanum og Verkmenntaskólanum á Akureyri sáu um þá vinnu.
Verkefnið var viðameira og tók lengri tíma en áætlað var í fyrstu auk þess sem verkfall framhaldsskólakennara seinkaði vinnunni og var sótt um frest til að skila verkefninu. Því var skilað til mennta- og menningarmálaráðuneytisins 1. nóvember 2014.
Í ágúst var haldinn kynningarfundur með fulltrúum fyrirtækja úr greininni þar sem vinnuhópurinn kynnti þá vinnu sem var lokið og fékk endurgjöf á það sem betur mátti fara.
Uppsetning námsbrautarinnar er þrepaskipt nám á framhaldsskólastigi ásamt vinnustaðanámi með möguleikum á að ljúka stúdentsprófi.
Næstu skref er að móta nákvæma námskrá og útfærslur á sérgreinum og er það vinna nýs starfsgreinaráðs að halda áfram þeirri vinnu sem nú þegar er komin af stað.

Meiraprófið

Ráðið hélt áfram umfjöllum um meiraprófið en vilji er fyrir því í ráðinu að það verði kennt í framhaldsskólum í stað núverandi fyrirkomulags sem er að kennsla fer fram í ökuskólum.
Vilji ráðsins er að færa nám til meiraprófs í sama horf og tíðkast á nágrannalöndum og er horft til Noregs og Svíþjóðar í þeim efnum.

Erindi til ráðsins

Ráðið fékk send ýmis erindi á starfsárinu og verður nú fjallað um þau helstu.
Mennta- og menningarmálaráðuenytið sendi ráðinu erindi þar sem óskað var eftir að ráðið tæki afstöðu til beiðni sem barst ráðuneytinu um undanþágu frá d-lið 8.gr. reglugerðar um vinnustaðanám og starfsþjálfun á vinnustað nr. 840/2011. Í erindinu er óskað eftir heimild til að gera námssamning á milli nemanda í bílamálun og meistara í bifvélavirkjun. Ráðið samþykkti beiðnina en þetta er þó á engan hátt fordæmisgefandi.

Nemaleyfisnefndir og sveinsprófsnefndir

Í framhaldi af ofangreindri beiðni hefur verið ákveðið að skipa nemaleyfisnefndir í viðkomandi greinum sem tækju afstöðu til slíkra beiðna þegar þær berast. Einnig vegna þess að á undanförnum misserum hefur verið óskað eftir því við ráðið að það taka afstöðu til undanþágubeiðna af svipuðum toga. Ráðið er að vinna í því og mun senda tillögur til ráðuneytisins í febrúar 2015.
Þá óskaði ráðuneytið eftir því við ráðið að það skipaði í nýjar sveinsprófsnefndir í bíliðngreinum og hefur því verið skilað inn til ráðuneytisins.

Starfslýsingar

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) fékk IPA styrk til að semja 500 starfslýsingar inn í vefgátt sem fyrirhugað var að setja upp. FA óskaði eftir því við ráðið að það læsi yfir starfslýsingar þeirra starfa sem falla undir ráðið.

Breyting á námi í bifreiðasmíði

Kennslustjóri bíliðna í Borgarholtsskóla óskaði eftir yfirlestri og samþykkt ráðsins á smávægilegum breytingum á námskrá bifreiðasmiða. Fulltrúar greinarinnar lásu yfir breytingarnar ásamt ráðinu og voru þær samþykktar.

Nám í bílamálun og bifreiðasmíði á Akureyri

Ráðinu barst erindi frá Verkmenntaskólanum á Akureyri vegna tillögu að nýrri námskrá sem skólinn hefur unnið að í bifreiðasmíði og bílamálun fyrir þá aðila sem þegar hafa lokið námi í bifvélavirkjun. Ráðið fjallaði um erindið og fannst vanta meiri gögn frá skólanum til þess að hægt væri að taka afstöðu til námskrárinnar og hefur komið því áleiðis til skólans.

Hvítbók

Ráðið tók þátt í fundum vegna vinnu við Hvítbók. Haldinn var upplýsingafundur með formönnum og starfsmönnum starfsgreinaráða þar sem kynnt var sú vinna sem hefur verið gerð varðandi Hvítbókina. Á sama fundi voru lögð fram 5 áhersluatriði sem eru skilgreind í Hvítbókinni og voru ráðin beðin um að taka saman ályktun og svara spurningum um hvernig hægt væri að vinna að umbótum í starfsmenntun.
Ráðið skilaði inn sinni ályktun og í framhaldi var haldinn sameiginlegur fundur starfsgreinaráða og mættu 3 fulltrúar frá ráðinu á þann fund þar sem haldið var áfram vinnunni vegna Hvítbókar.

Önnur mál

IÐAN fræðslusetur hefur verið að byggja upp nemaskiptaáætlun í bíliðngreinum og í nóvember komu franskir nemar hingað til lands í starfsþjálfun. Með þeim í för var kennari þeirra og kynnti hann fyrir ráðsmönnum uppbyggingu náms í bíliðngreinum í Frakklandi.

Helstu samstarfsaðilar og samstarf við þá

Eins og fyrri ár voru helstu samstarfsaðilar ráðsins mennta- og menningarmálaráðuneytið og þeir framhaldsskólar sem tengjast greinunum sem að ráðinu snúa, þ.e. Borgarholtsskóli og Verkmenntaskólinn á Akureyri. Þá var einnig töluvert samstarf við Tækniskólann og Verkmenntaskólann á Akureyri vegna nýrrar námskrár í flutningagreininni. Jafnframt var samstarf við FA vegna starfslýsinga vegna IPA styrks.

Ráðið sendir Ólafi Grétari Kristjánssyni, tengilið ráðsins í ráðuneytinu, fundargerðir frá fundum ráðsins sem og ársskýrslu. Þá sækir Hilmar Harðarson formaður ráðsins fundi í starfsgreinanefnd og tekur með sér aðra úr ráðinu eftir því sem fundarefni gefa tilefni til.

Mat á stöðu starfsmenntunar í málaflokknum

Eins og getið er um hér að framan lauk vinnu við uppsetningu á námsbraut fyrir flutningagreinina en undanfarin misseri hefur verið töluverð vinna í kringum verkefnið. Í framhaldinu er mikilvægt að kynna námsbrautina vel fyrir hagsmunaaðilum og væntanlegum nemendum til þess að hún hljóti góðan hljómgrunn innan framhaldsskólakerfisins.

Þá bindur ráðið vonir við að breytingar verði gerðar á kennslu í meiraprófinu og hægt verði í framtíðinni að bjóða upp á námið í framhaldsskólum.

Frá hausti 2014 hefur breytt námskrá í bifvélavirkjun og bifreiðasmíði verið í tilraunakeyrslu í Borgarholtsskóla þar sem búið er að setja inn nýja áfanga vegna nýorku.

Ársreikningur

Starfsgreinaráð samgöngu-, farartækja- og flutningsgreina

Rekstrarreikningur 2014

Rekstur 2014			
	Tekjuliðir:		
	Fjársýsla ríkisins	700.000,00	
	Styrkur frá *Nám er vinnandi vegur*	1.550.000,00	
	Vaxtatekjur af bankareikningi	30.052,00	
	Tekjur alls		**2.280.052,00**
	Gjaldaliðir:		
	IÐAN fræðslusetur þjónustusamningur	700.000,00*	
	Fjármagnstekjuskattur	6.010,00	
	Tækniskólinn v.flutningagr.	1.200.000,00	
	VMA v. flutningagr.	526.762,00	
	Flut AEY-REY v.flutng.gr.	32.960,00	
	Verkefnastjórn vegna flutningagr.	590.000,00	
	Umsýsla og skýrslugerð	310.000,00	
	Námsstefna v.flutningagreinar	440.278,00	
	Gjöld alls:		**3.806.010,00**
	Rekstrarniðurstaða		**-1.525.958,00**

Efnahagsreikningur 2014

Eignir			
	Á bankareikn. 01.01.2014		*1.884.579*
	Á bankareikn. 31.12.2014		**1.698.899****
Skuldir			0
	Eignir umfram skuldir		**1.698.899**

*Sundurliðun á þjónustusamningi

Undirbúningur funda, ritun fundargerða	360.000
Umsagnir, almenn þjónusta við ráðuneyti og starfsgreinanefnd	80.000
Veitingar og húsnæði funda	150.000
Umsýsla, prentun gagna og annar kostnaður	105.000
Þjónusta bókara, fjársýsla og endurskoðun	35.000
Samtals	730.000

**Ráðið á eftir að klára að greiða fyrir hluta af styrknum úr *Nám er vinnandi vegur* eða kr. 1.340.278,-

Lokaorð frá formanni

Einu ári var bætt við skipunartíma starfsgreinaráða og kom það sér vel fyrir ráðið þar sem viðamikilli vinnu við gerð námsbrautar fyrir flutningagreinar lauk á starfsárinu. Mikilvægt er að fylgja þeirri vinnu vel eftir með kynningum fyrir þar til bæra aðila og koma af stað námi innan framhaldsskólakerfisins í flutningafræðum. Jafnframt er mikilvægt að horfa til raunfærnimats í greininni en töluverður fjöldi hefur unnið lengi við greinina og býr yfir mikilli hæfni sem vert er að meta. Nú þegar hefur verið framkvæmt raunfærnimat fyrir starfsfólk í vöruhúsum sem gekk mjög vel.

Námskrár í bíliðnum hafa verið endurskoðaðar með sérstöku tilliti til nýorku ökutækja og einnig er námskrá fyrir faghluta iðnmeistaranáms í bíliðnum tilbúin en ekki er byrjað að kenna eftir henni.

Árið 2012 óskaði ráðið eftir því við ráðuneytið að gerð væri úttekt á námi bíliðngreina í Borgarholtsskóla og hefur nú loksins fengið svar við því að sú úttekt verði gerð en ekki fyrr en árið 2015. Þetta er bagalegt í ljósi þess að fleiri skólar hafa tekið upp kennslu í bíliðngreinum og því mikilvægt að gera úttekt sem fyrst á öllu námi sem boðið er upp á í greinunum.

Ráðuneytið vinnur að Hvítbók og breytingum í framhaldsskólakerfinu og þar með talið starfsnáminu. Ráðið hefur tekið þátt í þeirri vinnu og mun ráðið skoða afrakstur þeirrar vinnu mjög vel þegar hún liggur fyrir.

Ljóst er af ofangreindu að það verða næg verkefni fyrir nýtt starfsgreinaráð næstu árin bæði hvað varðar nýtt námsframboð fyrir flutningagreinarnar og endurskoðun nám í bíliðngreinum eftir vinnu við Hvítbók.